

Fundargerð 478. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2025, miðvikudaginn 3. desember kl. 12:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Finnsson Bistro, Kringlunni 4.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Friðbjörg Matthíasdóttir, Elliði Vignisson og Hanna Björg Konráðsdóttir boðuðu forföll.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 477. fundar - 2509016HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 477. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 18. nóvember 2025, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Framtíðarsýn og framkvæmdaþörf hafna - 2509006HA

Lögð fram endanleg samantekt frá Íslenska sjávarklasanum sem ber heitið Framtíðin og íslenskar hafnir, dags. í nóvember 2025. Um er að ræða samantekt sem byggir á niðurstöðum vinnustofu sem haldin var á hafnarfundum í Ólafsvík í október 2026. Samantektinni hefur nú þegar verið komið á framfæri við þingmenn og verður sett í frekari dreifingu og send á aðildarhafnir á næstu dögum.

Stjórn þakkar fyrir góða samantekt og felur starfsfólki að senda skýrsluna á aðildarhafnir og koma henni í frekari dreifingu. Einnig var rætt um að halda vinnustofu með helstu hagaðilum í flutningum á Íslandi í samvinnu við Sjávarklasann á vordögum.

3. Hafnasambandsþing 2026 - 2510001HA

Rætt um skipulag og undirbúning fyrir Hafnasambandsþing 2026 sem haldið verður á Suðurnesjum 22.-23. október 2026.

Formanni og varaformanni falið að setja saman drög að dagskrá í samvinnu við móttökuhafnir.

4. Haustfundur stjórnar 2026 - 2512002HA

Rætt um fyrirhugaðan haustfund stjórnar 2026.

5. Farþegagjald - 2509024HA

Rætt um stöðu mála á Alþingi.

Stjórn Hafnasambands Íslands fagnar meirihlutaálitum efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem lagt er til að innviðagjald lækki í 1.600 kr. á

mann á nótt og að tollfrelsi hringsiglingaskipa verði framlengt um ár á meðan varanleg lausn er fundin. Stjórn bindur vonir við að þingið taki málið til afgreiðslu enda er þetta í takt við þær tillögur sem Hafnasamband Íslands lagði til á fundum sínum með fjármálaráðuneytinu og þingnefndinni.

6. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt aðgerðaráætlun - 2512003HA

Lögð fram til kynningar tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026-2030, 322. mál.

Fundi var slitið kl. 14:00